



Til bæjarráðs Kópavogsbæjar/ umsögn

Kópavogi, 6. júní 2024  
24042789/003.01 ÁRR

Efni: Umsögn persónuverndarfulltrúa um breytingar á persónuverndarstefnu.

Framlögð drög að breytingum á persónuverndarsamþykktinni eru, eins og komið hefur fram, fyrst og fremst orðalagsbreytingar, breytingar til að auka skýrleika og til að færa stefnuna nær því sem raunverulega er núna.

Það staðfestist að persónuverndarfulltrúi hefur verið virkur þátttakandi í undirbúningi þessarar vinnu og telur þær breytingar sem gerðar hafa verið frá fyrri útgáfu til bóta.

Aðstæður og verkefni eru síbreytileg og mikilvægt að persónuverndarstefnan fylgi þeim breytingum eins og kostur er til að gefa eins rétta mynd af vinnslu persónuupplýsinga hjá Kópavogsbæ á hverjum tíma eins og raunhæft er. Persónuverndarstefnan er mikilvægt upplýsingaskjal fyrir alla þá sem Kópavogsbær þjónar eða á í samskiptum við, um meðhöndlun persónuupplýsinga þeirra hjá sveitarfélaginu en með henni er upplýsingaskyldum sveitarfélagsins sem ábyrgðaraðila vinnslu að hluta fullnægt.

Virðingarfyllst,

---

Ásmundur R Richardsson  
persónuverndarfulltrúi

